



ÁRSSKÝRSLA SAMTAKA FYRIRTÆKJA Í LÍF- OG HEILBRIGÐISTÆKNI STARFSÁRIN 2019-2022

Lögð fram á aðalfundi samtakanna 28. júní 2022



Inngangur

Samtök fyrirtækja í líf- og heilbrigðistækni, SLH, voru stofnuð árið 2019 við samruna Samtaka íslenskra líftæknifyrirtækja, SÍL, sem voru stofnuð í maí 2004 og Samtaka heilbrigðisiðnaðarins, SHI, sem voru stofnuð í janúar 2011. SLH starfa sem starfsgreinahópur innan Samtaka iðnaðarins (SI).

Líf- og heilbrigðistækni er sívaxandi iðnaður á alþjóðavísu og iðnaðurinn hefur sögulega mikla þýðingu hér á landi. Tilgangur SLH er að sinna hagsmunagæslu fyrir fyrirtæki sem starfa í iðnaðinum á Íslandi með það fyrir augum að umgjörð hér á landi verði með besta móti fyrir ung og upprennandi fyrirtæki sem og stærri, rótgrónari fyrirtæki í heilbrigðis- og líftækni. Sýn SLH er að skapað verði hágæða, samkeppnishæft stuðningsumhverfi fyrir rannsóknir og þróun, skilvirkt og fyrirsjáanlegt regluverk og að iðnaðurinn njóti skilnings og virðingar hjá stjórnvöldum og almenningi.

Stefna SLH

Stefna SLH var ákveðin á stofnfundi samtakanna árið 2019 og er eftirfarandi:

- *Við sköpum jákvætt umhverfi sem hvetur til vaxtar og hjálpar líf- og heilbrigðistæknifyrirtækjum að tengjast nýjum viðskiptavinum um heim allan*
- *Við ráðleggjum stjórnvöldum og höfum þannig áhrif á stefnu og reglur*
- *Við hlúum að tæknimenntun þar sem framtíð okkar byggir á mannaði með menntun á því sviði*
- *Við leggjum áherslu á eflingu nýsköpunarumhverfisins á Íslandi*

Stefnan hefur verið stjórn og starfsmönnum leiðarljós í starfinu en rík áhersla hefur verið lögð á öll atriði hér að ofan í starfi samtakanna.

Starfsárin 2019-2022

Starfsárin frá stofnfundi samtakanna einkenndust af útbreiðslu kórónuveirufaraldurs og þar af leiðandi af rafrænum stjórnarfundum en jafnframt af stórtækum og jákvæðum breytingum í stuðningsumhverfi nýsköpunar hér á landi og örum vexti félagsmanna SLH á erlendri grundu.

Aðalfundur samtakanna hefur ekki verið haldinn síðan frá stofnfundi af margvíslegum óviðráðanlegum ástæðum en þó var unnið ötullega að framfylgd stefnu SLH allan þann tíma og var stjórn starftæk og virk. Stjórn þakkar félagsmönnum þolinmæði og stuðning á óvissutímum en fagnar því að til standi að halda aðalfund þegar þessi skýrsla er skrifuð.

Stjórn SLH og fulltrúar í stjórnnum og nefndum

Fyrsta stjórn SLH var kjörin á aðalfundi þann 18. janúar 2019. Nýr formaður tók við stjórnartaumunum, Guðmundur Fertram Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Kerecis. Auk hans voru kjörin í stjórn Björn Örvar hjá ORF Líftækni, Jón Valgeirsson hjá Alvotech, Kim De Roy hjá Össuri og Reynir Scheving hjá Zymetech. Mannabreytingar urðu á starfsárinu. Jón Valgeirsson gekk úr stjórn árið 2020 og í hans stað kom Tanya Zharov, aðstoðarforstjóri Alvotech. Á starfsárinu hætti Kim de Roy störfum hjá Össuri en enginn stjórnarmaður kom í hans stað. Stjórn ákvað að veita Kim de Roy áheyrnarrétt á stjórnarfundum fram að aðalfundi með það fyrir augum að fyrirtækið NeckCare skoðaði aðild að SI/SLH að tímabilinu loknu.

Stjórn ræddi ójöfn kynjahlutföll í stjórn á starfsárinu og hyggst vinna að því að bæta úr því á komandi starfsári enda er mikilvægt að stjórn SLH endurspegli þann mikla fjölbreytileika sem er til staðar í íslenskum líf- og heilbrigðistækni iðnaði.



Mynd 1 Fyrsta stjórn Samtaka fyrirtækja í líf- og heilbrigðistækni ásamt Sigríði Mogensen, sviðsstjóra iðnaðar- og hugverkasviðs SI

Stjórn SLH er því skipuð með eftirfarandi hætti í júní 2022:

Formaður

- Guðmundur Fertram Sigurjónsson, Kerecis
- Björn Örvar, ORF líftækni
- Tanya Zharov, Alvotech
- Reynir Scheving, Zymetech

Áheyrnarfulltrúi: Kim de Roy, sjálfstætt starfandi / verktaki NeckCare

Reynir Scheving frá Zymetech og Þóra Björg Magnúsdóttir frá Coripharma eru fulltrúar SLH í Hugverkaráði Samtaka iðnaðarins.

Þá er ánægjulegt að segja frá því að frá því í mars 2022 náði Jónína Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Coripharma sem er félagsmaður SLH, kjöri til stjórnar Samtaka iðnaðarins. Fyrir hennar tíma var Egill Jónsson, framkvæmdastjóri framleiðslusviðs Össurar, öflugur fulltrúi líf- og heilbrigðistækni iðnaðar í stjórn samtakanna.

Félagsmenn

Félagsmenn SLH eru við skrif þessarar skýrslu 27 talsins. SLH er í forsvari fyrir fjölbreyttan hóp fyrirtækja en innan raða samtakanna eru jafnt fyrirtæki í þróun á hugbúnaði í heilbrigðisþjónustu, framleiðslu á lyfjum, fyrirtæki í þróun á lyfjum og fæðubótarefnum úr hliðarafurðum úr íslenskri náttúru, fyrirtæki í þróun á framsæknum lækningatækjabúnaði og svo mætti áfram telja.

Vinna SLH innan Samtaka iðnaðarins

Mikilvægt er að hafa í huga að starfsemi stjórnar SLH markast af þeirri vinnu sem fram fer á skrifstofu Samtaka iðnaðarins annars vegar og í Hugverkaráði Samtaka iðnaðarins hins vegar.

Á vettvangi skrifstofu SI er unnið heildstætt að umbótum á starfsumhverfi iðnfyrirtækja; að gæði og skilvirkni opinberrar þjónustu verði aukin, dregið verði úr umsvifum hins opinbera á samkeppnismarkaði, að eftirlit sé skilvirkt og þjóni tilgangi sínum, dregið verði úr skattheimtu á íslensk fyrirtæki og svo framvegis. SI hafa beitt sér ötullega í þessum málum og áherslur SLH hafa áhrif á þessa vinnu, fyrst og fremst í gegnum viðskiptastjóra SLH hverju sinni og í gegnum sviðsstjóra iðnaðar- og hugverkasviðs.

Þá hefur síðan árið 2016 verið starfrækt Hugverkaráð á vettvangi SI en í því eiga sæti fulltrúar allra starfsgreinahópa þeirra atvinnugreina sem byggja afurðir sínar á tækni og hugverki. Á vettvangi Hugverkaráðs eru rædd þau lykilmálefni sem fyrirtæki í hugverkaiðnaði eiga sameiginleg, til að mynda stuðningur við rannsóknir og þróun, aðgengi að sérfræðiþekkingu og fleira. Fulltrúar SLH eru virkir í vinnu Hugverkaráðs auk þess sem viðskiptastjóri SLH hverju sinni vinnur náið með Hugverkaráði og situr alla fundi. Þannig er tryggt að upplýsingaflæði sé á milli ólíkra aðila og samvinna sé um sameiginleg málefni.

Þessu til viðbótar er gott að halda til haga að aðrir starfsgreinahópar, til dæmis Samtök fyrirtækja í upplýsingatækni (SUT), Samtök leikjafyrirtækja (IGI) og Samtök sprotafyrirtækja (SSP), eiga margt sameiginlegt með SLH en sami viðskiptastjóri sinnir þessum hópum og því er samtakamátturinn meiri en ef engin tenging væri á milli þessara hópa.

Stefnumál starfsársins

Stjórn SLH setti sér skýra stefnu í kjölfar stofnfundar samtakanna sem greint var frá hér að ofan. Á grundvelli stefnunnar vann stjórn að ákveðnum málefnum sem greint er frá hér að neðan. Þetta eru allt hagsmunamál sem vinna þarf að til þess að efla samkeppnishæfni líf- og heilbrigðistækni iðnaðar á Íslandi. SI og SLH kappkosta við að tryggja að skilaboðin til stjórnvalda séu skýr og að bregðast þurfi við ábendingum samtakanna því samkeppni um fyrirtæki í hugverkaiðnaði hefur aukist mjög og ef aðstæður hér á landi eru ekki hliðhollar fyrirtækjum þá er hættan sú að þau flytji starfsemi sína til annarra landa.

Áherslumál stjórnar á starfsárinu voru eftirfarandi:

1. Mannauður:
 - Fjölga tæknimenntuðu starfsfólki hér á landi með hæfni til þess að starfa í líf- og heilbrigðistækni bæði með því að leggja áherslu á fjölgun erlendra sérfræðinga hér á landi og fjölgun útskrifaðra með STEM færni (science, technology, mathematics, engineering).
2. Nýsköpun:
 - Auka stuðning við nýsköpun með áherslu á rannsóknir og þróun.
3. Reglur og stefnur stjórnvalda:
 - Tryggja farsæla innleiðingu reglugerðar Evrópusambandsins um lækningatæki (Medical Device Regulation MDR 2017/745 (maí 2020) og IVDR 2017/746 (maí 2022), hér eftir MDR) hér á landi.
4. Ímynd iðnaðarins:
 - Kortleggja lyfja-, líftækni- og heilbrigðistækniðnað.
5. Samvinna við samtök á Norðurlöndunum.

Nánar er fjallað um vinnu við áherslumálin hér að neðan:

1. Mannauður

Eitt helsta hagsmunamál SLH er að tryggja framboð að hæfu starfsfólki í líftækni- og heilbrigðistækni iðnaði á Íslandi en borið hefur á því í auknum mæli undanfarin ár að erfitt reynist að ráða rétt fólk. Til mikils er að vinna fyrir íslenskt samfélag að tryggja að öflug fyrirtæki í líf- og heilbrigðistækni geti vaxið hér á landi en ein lykilforsendan fyrir því er öflugur mannauður.

Samtök iðnaðarins kortlögðu mannauðs- og færniþörf hugverkaiðnaðar á vormánuðum 2022 og sú könnun leiddi í ljós að 80% fyrirtækja sem svöruðu könnun SI vantar sérhæft starfsfólk í dag og 100% telja sig munu standa frammi fyrir skorti á starfsfólki á næstu fimm árum. Samtökin báðu fyrirtæki um að áætla hversu marga sérfræðinga vantar í fyrirtæki þeirra í dag annars vegar og til næstu fimm ára hins vegar. Því til viðbótar var óskað eftir því að fyrirtækin áætluðu hversu marga sérhæfða starfsmenn þarf til þess að halda núverandi starfsemi gangandi annars vegar og hversu marga starfsmenn þarf til þess að vaxa hins vegar. Þegar svör fyrirtækjanna voru heimfærð á hugverkaiðnaðinn í heild sinni kom í ljós að á næstu fimm árum þurfa fyrirtæki í iðnaðinum að ráða allt að 9000 sérfræðinga ef vaxtaáætlanir þeirra eiga fram að ganga.



Á vettvangi SLH og SI hefur verið unnið að þessu málefni á tveimur sviðum; annars vegar hefur verið lögð áhersla á að hvetja stjórnvöld til þess að liðka fyrir komu erlendra sérfræðinga og hins vegar að fjölga útskrifuðum úr háskólum á Íslandi með hæfni til þess að starfa í hugverkaiðnaði.

Erlendir sérfræðingar:

Margt hefur áunnist í málefnum erlendra sérfræðinga á starfsárinu. SLH vann í samstarfi við aðra hópa hjá SI að því að koma málefnið á kortið gagnvart stjórnvöldum en hagsmunasamtök í hugverkaiðnaði hafa í árabil bent á nauðsyn þess að taka í auknum mæli við sérfræðingum að utan. Nú virðist málefnið almennilega komið á kortið og ráðherra iðnaðar og nýsköpunar hefur opinberlega lýst því yfir að það að liðka fyrir komu erlendra sérfræðinga sé forgangsmál hjá sér.

Viðskiptastjóri SLH hjá SI kortlagði þær hindranir sem standa í vegi fyrir komu erlendra sérfræðinga hingað til lands og fór á fund ráðherra til þess að kynna tillögur að aðgerðum til úrbóta. Ráðherra setti af stað vinnu í ráðuneytinu til þess að finna lausn á móttöku erlendra sérfræðinga og hefur viðskiptastjóri SLH átt í góðu samstarfi við starfsfólk ráðuneytisins. Tillagna til úrbóta er að vænta haustið 2022.

Aðgerðir til þess að liðka fyrir komu erlendra sérfræðinga

Heildstæð áætlun til að ná settu marki

- 1 Regluverk sé skýrt og einfaldað
- 2 Tryggja að málsmeðferðartími sé ekki of langur og að upplýsingagjöf sé skýr
- 3 Lagfæra reglur í kringum heimild um frádrátt frá tekjum erlendra sérfræðinga til þess að tryggja að hvatakerfi virki sem skyldi
- 4 Tryggja videigandi úrræði fyrir maka og börn sérfræðinga
- 5 Vinna áfram að markaðssetningu á Íslandi sem nýsköpunarlandi í samstarfi við Íslandsstofu


Menntamál:

Stjórn SLH hefur lagt áherslu á að útskrifuðum úr STEM greinum fjölgi á næstu árum. Á vormánuðum 2022 var stofnaður hópur innan Samtaka iðnaðarins með fulltrúum af menntasviði, hagdeild og hugverkasviði ásamt framkvæmdastjóra SI sem tók saman greiningu á stöðu STEM greina árið 2022 og tillögur til úrbóta sem lagðar voru fyrir ráðherra.

Ísland hefur lengi verið undir meðaltali OECD ríkjanna en árið 2019 var hlutfall háskólamenntaðra sem lokið hefur námi í STEM greinum aðeins 16% af heildarfjölda útskrifaðra háskólanema á aldrinum 25-64 ára. Markmið menntastefnu SI er að þetta hlutfall verði nær 25% árið 2025.


Mynd 19: Hlutfall háskólamenntaðra á aldrinum 25-64 ára sem lokið hefur gráðu í raun- og tæknigreinum (STEM).

HEIMILD: EFNAHAGS- OG FRAMFARASTOFNUNIN (OECD), 2019.



Mynd 2 Úr Grænbók um fjárveitingar til háskóla frá 2020. Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Þó horfir til bjartari tíma þar sem hlutfall nýskráðra í STEM greinum var á árunum 2018-2020 að meðaltali 28,5% yfir þessi þrjú ár samkvæmt tölum frá Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík. Þó var örlítið minna hlutfall nýskráninga í STEM haustið 2020 miðað við skólaárið 2018. Þar af er mikill meirihluti hjá Háskólanum í Reykjavík. Úttekt SI leiddi í ljós að á árunum 2015-2020 var hlutfall brautskráðra í kringum 24% en til þess að hafa áhrif á heildarhlutfall háskólamenntaðra á vinnumarkaði með STEM færni sbr. skilgreiningu OECD hér að ofan þarf að auka þetta hlutfall verulega á næstu árum.



Til viðbótar við þetta hefur stjórn SLH lagt áherslu á að tæknimenntun sé fjölbreyttari og að útskrifaðir hafi þekkingu og færni sem raunverulega nýtist atvinnulífinu. Atvinnulíf dagsins í dag krefst þess að útskrifaðir hafi sérhæfða þekkingu á mjög fjölbreyttum sviðum, færni til þess að tileinka sér nýja tækni og vinnuaðferðir hratt og skapandi hugsun. Kortlagning SI á færni- og mannauðsþörf fyrirtækja í hugverkaiðnaði leiddi í ljós að þeir sérfræðingar sem vantar koma ekki allir úr sömu grein innan háskólakerfisins og hafa ekki sama bakgrunn og því er sérstaklega mikilvægt að skólakerfið tengi betur saman atvinnulíf og skóla til þess að nemendur fái reynslu af störfum á markaði.

Vegna þessa hafa SI og SLH lagt áherslu á að styrkja samband atvinnulífsins við háskólanema í tæknigreinum með áherslu á aukið starfsnám. Á haustmánuðum 2021 gafst félagsmönnum starfsgreinahópsins Samtök upplýsingatæknifyrirtækja tækifæri til þess að taka að sér starfsnema í samvinnu við tölvunarfræðideild Háskóla Íslands og vinna lokaverkefni með BS nemum í tölvunarfræðideild við Háskólann í Reykjavík. Stefnt er að því að efla frekar slíka samvinnu við fleiri starfsgreinahópa og auka stuðning stjórnvalda við starfsnám.

2. Nýsköpun

Stuðningur við rannsóknir og þróun

SLH hefur, ásamt öðrum hópum í Hugverkaráði SI, lagt áherslu á að endurgreiðslur kostnaðar vegna rannsókna og þróunar í nýsköpunarfyrirtækjum verði samkeppnishæfar við önnur lönd. Í mars 2020 var þak á þeim kostnaði sem má tiltaka vegna rannsókna og þróunarverkefna hækkað í 1100 milljónir úr 600 milljónum (900 milljónum fyrir aðkeypta þjónustu) og hlutfall af endurgreiddum kostnaði hækkað í 25% fyrir stærri fyrirtæki en 35% fyrir þau minni en það var áður 20% fyrir allar gerðir

fyrirtækja. Þessar breytingar voru hluti af viðspyrnuátaki stjórnvalda vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar og giltu til tveggja ára, 2020 og 2021. Aukin innspýting í rannsóknir og þróun hafði gríðarlega jákvæð áhrif á vöxt hugverkafyrirtækja og höfðu í för með sér fjölgun starfa og verkefna samkvæmt greiningu Samtaka iðnaðarins. Það var því fagnaðarefni þegar ríkisstjórnin boðaði það í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar 2021-2025 að hækkunin yrði fest í lög varanlega. Á vormánuðum 2022 lagði fjármálaráðuneytið fram frumvarp þar sem lagt var til að hækkunin yrði framlengd næstu tvö ár á meðan stjórnvöld leggðu mat á áhrif kerfisins. Frumvarpið var rætt ítarlega hjá efnahags- og viðskiptanefnd og fór svo að þak á kostnaði sem tiltaka má var lækkað frá 1100 milljónum í 1000 milljónir. Þetta er þó hækkun frá því sem var árið 2018 þegar sá kostnaður sem tiltaka mátti var 600 milljónir eða 900 milljónir ef um aðkeypta þjónustu í rannsóknum og nýsköpun var að ræða.

Stuðningur við rannsóknir og þróun skiptir sköpum fyrir lyfja-, líftækni- og heilbrigðisæfni iðnað og því skilaði SLH inn umsögnum um málið þegar það var í meðförum Alþingis þar sem rök voru færð fyrir hækkun á þaki og hlutfalli, annars vegar í [apríl 2020](#) og hins vegar í [maí 2022](#).

Aðstaða og tækjabúnaður

Sprotafyrirtæki í líf- og heilbrigðisæfni þurfa stuðning í formi aðstöðu og tækjabúnaðar á fyrstu starfsárum sínum. Á vettvangi SI og Samtaka sprotafyrirtækja hefur verið unnið að þessum hagsmunamálum en félagsmenn SLH hafa einnig í samtölum við viðskiptastjóra lagt áherslu á úrbætur í þessum efnum hér á landi. Nú er unnið að því að greina hvernig aðstaðan er í dag og hvaða aðilar í umhverfinu sjá fyrir sér að byggja upp aðstöðu og tækjabúnað á komandi árum. Fulltrúar SI og SSP hafa fundað með Tæknisetri og átt í samtölum við Vísindagarða Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík um mikilvægi málsins.

3. Regluverk

Lækningatækjalöggjöf (MDR)

Eitt helsta verkefni SLH á starfstímabilinu hefur verið að tryggja farsæla innleiðingu reglugerðar Evrópusambandsins um lækningatæki (Medical Device Regulation MDR 2017/745 (maí 2020) og IVDR 2017/746 (maí 2022), hér eftir MDR) hér á landi. Árið 2019 fór fram mikil umræða innan stjórnar SLH um þá væntanlega lækningatækjalöggjöf sem stafaði frá Evrópusambandinu. SI og SLH lögðu ríka áherslu á að samráð yrði haft við iðnaðinn við undirbúning löggjafarinnar en það var ekki gert.

Á vormánuðum 2020 var lagt fram frumvarp til laga um lækningatæki (635. mál á 150. löggjafarþingi 2019-2020). [SI skilaði inn skilaði ítarlegri umsögn fyrir hönd SLH um frumvarpið þann 8. apríl 2020](#). Umsögnin var skrifuð í samræmi við athugasemdir verkefnastjórnar sem SLH ákvað að stofna til þess að fjalla um málið frá faglegu sjónarhorni. Í hópnum sátu: Harpa Arnardóttir, gæðastjóri Nox Medical, Róbert Magnússon sérfræðingur í gæðamálum og regluverki hjá Össur, Hulda Hallgrímsdóttir gæðastjóri Össurar, Ásta María Sverrisdóttir gæðastjóri Kerecis og Halldóra Brynjólfssdóttir, gæðastjóri Kvikna.

SLH gerði alvarlegar, ítarlegar og vel rökstuddar athugasemdir við frumvarpið og hvatti til þess að skýrleiki lagatextans yrði aukinn og gagnsæi um framkvæmd tryggt. Þá var lögð rík áhersla á að íslensk löggjöf gengi ekki lengra en sú evrópska. Sigríður Mogensen, sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs, Nanna Elísa Jakobsdóttir, viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði og Guðmundur Fertram Sigurjónsson, formaður SLH og framkvæmdastjóri Kerecis fóru á fund velferðarnefndar og útskýrðu hagsmunum iðnaðarins. Frumvarpið náði ekki fram að ganga á 150. löggjafarþingi en var samþykkt í nær

Óbreyttri mynd þegar það var lagt fram aftur á haustþingi 2020. Stjórnvöld fullvissuðu iðnaðinn um að ekki stæði til að framfylgd laganna yrði með öðrum hætti en í Evrópu. Stjórn SLH hefur sent fyrirspurn til Lyfjastofnunar um framkvæmd ákveðinna atriða laganna til þess að tryggja að íslensk fyrirtæki búi við sama eftirlit og sambærileg fyrirtæki í Evrópu. SLH mun halda áfram að fylgjast með framfylgd laganna hér á landi.

4. Ímynd iðnaðarins

Kortlagning á líftækni iðnaði

Viðskiptastjóri SLH vinnur þessi misserin að kortlagningu á lyfja- og líftækni iðnaði til þess að varpa ljósi á stöðuna í iðnaðinum og vöxt undanfarinna ára.

Verkefnið er viðamikil en mikilvægt en engin augljós leið er fyrir hendi til þess að safna hagtölum um iðnaðinn þar sem starfsemin er á víð og dreif í ólíkum atvinnugreinaflokkum. Stefnt er að því að kynna niðurstöður á haustmánuðum 2022.

5. Samvinna við systursamtök

Fundur með SwedenBIO



Fulltrúar frá SwedenBIO sem eru landsamtök líftækni iðnaðar í Svíþjóð funduðu með stjórnarmönnum SLH, ásamt starfsmönnum hugverkasviðs SI og fulltrúa Íslandsstofu í febrúar 2020. SwedenBIO vinnur að því að efla líftækni iðnaðinn í Svíþjóð og á Norðurlöndunum en yfir 250 líftækni fyrirtæki eiga aðild að samtökunum. Sænsku fulltrúarnir voru staddir hér á landi til þess að kynna sér íslensk fyrirtæki í líf- og heilbrigðistækni iðnaði, skoða möguleika á samstarfi og kynna fyrirhugaða ráðstefnu á árinu um líftækni iðnað. Á fundinum kynntu fyrirtækin Kerecis, Össur og Zymetech starfsemi sína og sköpuðust meðal annars umræður um nýtingu fiskiafurða í líf- og heilbrigðistækni. Þá fóru fram umræður um styrki til nýsköpunarfyrirtækja á Íslandi og starfsumhverfið hér á landi og í Svíþjóð.

Á myndinni hér fyrir ofan eru, talið frá vinstri, Nanna Elísa Jakobsdóttir, viðskiptastjóri á hugverkasviði SI, Kim De Roy, Reynir Scheving og Guðmundur Fertram Sigurjónsson, stjórnarmenn í Samtökum fyrirtækja í líf- og heilbrigðistækni, Sigríður Mogensen, sviðsstjóri hugverkasviðs SI og Erna Björnsdóttir, Íslandsstofu, ásamt fulltrúum frá SwedenBIO.

Fundur með Health Tech Nordic

Nanna Elísa Jakobsdóttir, viðskiptastjóri SLH hjá SI, átti fund með Margareta Wallenten, verkefnastjóra Health Tech Nordic sem er stærsti samstarfsvettvangur heilbrigðistækniyrirtækja á Norðurlöndunum. Samtökin eru staðsett í Svíþjóð en aðild að þeim eiga yfir 250 ólík fyrirtæki frá Norðurlöndunum. Á fundinum voru tækifæri og áskoranir heilbrigðistækniyrirtækja á Norðurlöndunum rædd, sérstaklega var farið yfir ólíkan stuðning í tengslum við MDR og regluverk og samstarf samtaka á Norðurlöndunum.

6. Annað

Kjaramál

Stjórn SLH fundaði með Samtökum atvinnulífsins í aðdraganda kjaraviðræðna sem munu eiga sér stað haustið 2022. Félagsmenn SLH eru hluti af Samtökum atvinnulífsins og fara því SA með samningsumboð fyrir flest fyrirtækjanna. Í kjölfar fundarins tók viðskiptastjóri saman punkta um áherslur heilbrigðis- og líftækniíðnaðar inni komandi kjaraviðræður. Stjórn SLH lagði áherslu á að lagt yrði mat á framleiðni í tengslum við launahækkanir og að efnahagsástand yrði tekið með inn í reikninginn við samningsgerð. SLH lagðist gegn því að samið sé um launahækkanir umfram framleiðni. Þá hvatti SLH til þess að varlega yrði farið í styttingu vinnuvikunnar þar sem starfsfólk í iðnaðinum hér á landi býr nú þegar við mikinn sveigjanleika í störfum. SLH vill að lagt sé mat á framleiðni Íslendinga og afköst í störfum og að það mat sé notað sem leiðarljós í kjarasamningsviðræðum.

Stjórnarsáttmáli ríkisstjórnarinnar og framtíðarsýn SLH

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar fyrir árin 2021-2025 er mikil áhersla lögð á nýsköpun og hið stafræna. Sérstaklega er fjallað um eflingu nýsköpunar í heilbrigðisþjónustu en ráðherra háskóla, iðnaðar og nýsköpunar hefur lagt sérstaka áherslu á að tryggja innleiðingu nýrra lausna í heilbrigðiskerfinu og því eru spennandi tímar fram undan fyrir SLH.